

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um Staðarbakkaprestakall. — Með þóknanlegu brjefi frá 18. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt frá því, að breytingum þeim, sem ákveðnar eru með 1. gr. laga um skipun prestakalla frá 27. febr. 1880 á prestaköllunum Melstað og Stað í Hrútafirði, nefnilega, að Staðarbakkaprestakall skuli lagt niður og sóknir þess sameinaðar, önnur við Melstað og hin við Stað, verði eigi sem stendur komið á, þótt bæði prestaköllin, Staðarbakki og Staður, sjeu laus, pareð presturinn, sem nú er á Melstað og sem skipaður var þar prestur áður en lög 27. febr. 1880 öðluðust gildi, eigi vill taka breytingum þeim, er nefnd lög ákveða. Jafnframt hafið þjer, með tilliti til þess, að bæði sóknarmenn og sóknarnefndir í báðum sóknum Staðarbakkaprestakalls, sem og prófastur og biskup hafa mælt í móti breytingum þeim, sem nefnd lög fyrirskipa á sóknum þessum og talið þær óhentugar og eigi mögulegt að koma þeim á, leitað úrskurðar ráðgjafans um það, hvort eins og nú stendur á, megi samkvæmt tillögu biskups auglýsa, að Staðarbakkaprestakall sje laust óbreytt eins og það nú er, en þó með þeim fyrirvara, að sá, er skipaður yrði prestur þar, væri skyldur að taka þeim breytingum, sem á því kynnu að verða gjörðar.

Ráðgjafinn verður nú að álíta, að sakir hinna stórvægilegu breytinga, er ætla má að innan skamms muni verða gjörðar á Staðarbakkaprestakalli, annaðhvort samkvæmt lögum 27. febr. 1880 eður á annan hátt, sje það miður heppilegt að skipa prest fyrir fullt og allt í nefnt kall óbreytt eins og það hefur verið, en að bezt væri, að fá mann um stundarsakir til að þjóna brauðinu, þar til borið verður undir næsta alþingi hvaða skipun gjöra skuli í þessu efni, og eruð þjer því þjónustusamlega beðnir að gjöra ráðstafanir þær, er með þarf til þessa. En ef svo skyldi reynast, að eigi væri unnt að fá neinn þann mann, er til þess væri hæfur, til að takast á hendur prestsþjónustuna um stundarsakir í Staðarbakkaprestakalli, fellst ráðgjafinn á, að brauðið verði auglýst laust á þann hátt, sem biskup hefur stungið upp á og verði síðan veitt fyrir fullt og allt.

Um leið og yður, herra landshöfðingi, er þjónustusamlega tjáð það, sem nú hefur sagt verið til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar og til þess að þjer birtið það biskupnum, eruð þjer jafnþjónustusamlega beðnir að hlutast þóknanlega til um, að gjört verði það, sem nauðsynlegt er til þess, að frumvarp um skipun á máli því, er hjer um ræðir, geti orðið lagt fyrir næsta alþingi.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um gildi prestsvígslu. — Með þóknanlegu brjefi frá 27. sept. p. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, eptir beiðni biskupsins yfir Íslandi, lagt þá spurningu undir úrskurð ráðgjafans, hvaða pýðingu það geti haft, að sjera Jón Bjarnason, sem nú þjónar Dvergasteinsprestakalli, fyrir nokkrum árum vígði í Ameríku til prests kandiðat frá prestaskólanum, Halldór Briem, sem nú er kennari við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjálða, þjónustusamlega að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir biskupnum, að ráðgjafinn er samdóma yður um, að Halldór Briem eigi getur fyrir prestsvígslu þá, sem nefnd var, framkvæmt á Íslandi prestsverk þau, er að eins verða framkvæmd af prestvígðum manni.